

Erindi stjórnar foreldrafélags Varmárskóla varðandi heildarúttekt á öllu húsnæði Varmárskóla.

Til bæjarstjóra Mosfellsbæjar,  
Haraldar Sverrissonar

11. mars 2019

Stjórn foreldrafélags Varmárskóla óskar eftir að erindi um heildarúttekt á öllu húsnæði Varmárskóla fái sérstakt málnúmer og verði tekið fyrir á fundi 1390 í bæjarráði þann 14. mars 2019. Vinna foreldrafélagsins felst fyrst og fremst í að gæta hagsmuna barnanna okkar og viljum ítreka að erindið er frá foreldrafélaginu en ekki stjórn málasamtökum.

Samkvæmt bókun fulltrúa foreldra í skólaráði 07.03.2019 vegna skýrslu frá Eflu 22.02.2019 vilja fulltrúar foreldra ítreka nauðsyn á heildarúttekt á húsnæði skólans frá verkfræðistofunni Eflu eins og fundað hefur verið um með aðkomu skólastjórnenda, yfirmanna bæjarins ásamt bæjarstjóra. Við bendum á að verklokaskýrsla þessi er eingöngu **um hluta** þeirra skemmda sem fram komu í sjónrænni skoðun “innliti” vorið 2017 sbr. neðangreint.

*„Mosfellsbær óskaði eftir að EFLA kæmi að eftirfylgni vegna framkvæmda á húsnæði Varmárskóla í kjölfar rakavandamála sem þar greindust í úttektum EFLU fyrst vorið 2017 og síðan að hluta aftur í sumarbyrjun 2018. Fjallað er um þau atriði sem komu fram og þarfnast úrbóta í minnisblöðum EFLU frá 12.06.2017 annarsvegar og 03.09.2018 hins vegar. Hér eru atriðin upplistuð en EFLA kom að úrlausn á hluta þeirra og er þeirri vinnu lýst hér fyrir neðan“.*

Tekið er sérstaklega fram af skoðunarmönnum Eflu vorið 2017 að það sé fyrsta skref í nánari úttekt eða mælingum.

Foreldrar hafa haft miklar áhyggjur af heilsufari barna sinna sem hafa fundið til verulegra óþæginda og dæmi nemanda sem lagðist inn í spítala í nokkrar vikur. „.....Ég hef sterka vísbendingu um að einn af orsakavaldur þess að sonur minn veiktist mjög alvarlega í lok árs

*2017 sé flutningur hans yfir í stofur staðsettar í tengibyggingu í eldri deild Varmárskóla. Hann er búinn að koma sér aftur upp úr hjólastólum og er að reyna að sinna skólanum fyrir hádegi sem reynist honum erfitt þar sem hann er alla jafna með svima, ógleði og höfuðverk þegar hann er staddur í skólanum. Eftir samtali við kennara skólans heyrir ég að kennarar eru að kvarta undan sambærilegum einkennum og eru jafnvel frá vinnu vegna einkenna.....“*

Sambærilegt mál kom upp nýlega í Fossvogsskóla þar sem brugðist er skjótt við og börnin látnin njóta vafans. Í Varmárskóla hefur legið fyrir þörf á frekari úttekt síðan í júní 2017 og þrátt fyrir ítrekaðar óskir foreldra um þörf á heildarúttekt hefur aðeins lítill hluti af öllu húsnæði Varmárskóla verið skoðaður. Stjórn foreldrafélagsins skorar hér með á bæjaryfirvöld að fara án tafar í heildarúttekt á skólahúsnæði Varmárskóla (yngri deild, eldri deild, Brúarland, frístund og félagsmiðstöðin Bólið).

Virðingarfyllt,

Stjórn foreldrafélags Varmárskóla